

## **Rekstrar- og húsnaðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið - börn frá 18 mánaða til 6 ára**

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnaðisframlag vegna tilgreinds fjölda barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar [reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra](#) og [reglur um leikskólapjónustu](#) á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#). Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

### **I – REKSTRARFRAMLAG**

#### **1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára**

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða aldri og þar til grunnskólaganga hefst við 6 ára aldur.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu og sérstaks stuðnings ) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu og sértæks stuðnings) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

##### **a. Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftifarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sértæks stuðnings ) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássa í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

<b>Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári )</b>	<b>Fjárhæð 1.1.2025</b>
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	95.582 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	47.791 kr.

**b. Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sértæks stuðnings) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og fristundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV

Útreikningur á framlagi skóla- og fristundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

<b>Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)</b>	<b>Fjárhæð 1.1.2025</b>
Pr. dvalargildi á mánuði	19.742 kr.

\*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla Hækkun á framlagi leikskóla

Fjárhæð rekstrarframlangs pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks<sup>1</sup> í leikskólanum sé 42,9 %<sup>2</sup>. Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og fristundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

<sup>1</sup>Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sækji enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

<sup>2</sup> Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. útgefnum gögnum sfs í tölu ( <https://menntastefna.is/gaedastarf/tolfraedi/> )

- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi SNS og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sameykis
- Þroskabjálfí á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskabjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %<sup>3</sup> fyrir hvert prósentustig

sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og fristundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

**c. Rekstrarframlag vegna jafnlaunavottunar, trygginga og endurskoðunar fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur er 3.500 kr. þetta uppfærist árlega í takt við breytingar á vísitöluneysluverðs einu sinni á ári. Rekstraframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

**Framlagið vegna jafnlaunavottunar, tryggingar og endurskoðunar kr. 3.500 mun leggjast við rekstrarframlag pr. barn að fjárhæð 95.582. Rekstraframlag mun því vera samtals kr. 99.082 pr. barn á mánuði í heilsdagsvistun eða 49.54 vegna hálfsdagsvistunar.**

## II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Greitt er húsnaðisframlag fyrir börn með lögheimili í Reykjavík sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma.

Mánaðarlegt húsnaðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	38.432 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	19.216 kr.

Framlag vegna húsnaðiskostnaðar tekur mið af fjölda barna með lögheimili í Reykjavík í leikskólanum og skal miðast við að fermetrafjöldi pr. barn sé á bilinu 6-8 fm. pr. barn og 4.200 kr. pr. fermetra, að hámarki skal miða við 8 fm., sem uppfærist fjórum sinnum á ári með húsnaðislið vísitölu neysluverðs (þ.e. 041 Greidd húsaleiga, 268,9 stig janúar 2024 ). Mánaðarlegur húsnaðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnaðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Sé leikskóli í húsnaði í eigu Reykjavíkurborgar þá skal húsnaðisframlagið þó aldrei vera hærra en sem nemur innri leigu sem leikskólinn greiðir til Eignasjóðs Reykjavíkurborgar margfölduðu með hlutfalli reykvískra barna af heildarfjölda barna.

<sup>3</sup> Prósentuhlutfall á lækkun/hækjun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnaðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnaðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

### III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnaðisframlag skerðist.

### IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v., framlag 2025:

Eldri barna skólar											
Aldur barns	Barngildissstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst dívöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdag á mánuði - brúttó)	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdag á mánuði vegna jafnaunaavottunar, endurskóunar og trygginga	Húsnaðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdag) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnaðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsjáld og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 1,15	Rekstrar- og húsnaðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:			0,294%								
M.v. 42,9 % faghlutfall											
18 - 23 mánaða	2	8	16	42,90%	19.742	95.582	3.500	38.432	453.386	39.723	413.663
2 ára	1,6	8	12,8	42,90%	19.742	95.582	3.500	38.432	390.212	39.723	350.488
3 ára	1,3	8	10,4	42,90%	19.742	95.582	3.500	38.432	342.831	39.723	303.108
4 ára	1	8	8	42,90%	19.742	95.582	3.500	38.432	295.450	39.723	255.727
5 og 6 ára	0,8	8	6,4	42,90%	19.742	95.582	3.500	38.432	263.863	39.723	224.140

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólk i þjónustumiðstöðvum

Til viðbótar er greitt fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs. Leikskólinn á rétt á skólabjónustu í Miðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Barngildissstuðull<sup>4</sup> miðast við árgang og uppfærist í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2023 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2025, hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2023.

Við ákvörðun um fjölda starfsfólks ber að taka tillit til viðmiða SFS um barnagildissstuðul í töflunni hér að framan. Viðmið SFS geta tekið breytingum og gilda þá sömu breytingar og fyrir leikskólann.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, einstæðra foreldra, öryrkja þar sem foreldri er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast

<sup>4</sup>Barnagildissstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærir ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

aftur út á vinnumarkað fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, <https://reykjavik.is>.

## **V – GJALDSKRÁ LEIJKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI**

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag vegna, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 1,15.

## **VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

## **VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins, sem byggir á meðalfjárheimild pr. barn í leikskólum borgarinnar að viðbættum sameiginlegum kostnaði en að frádregnum fjárheimildum vegna húsnæðiskostnaðar og stuðnings. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.